

Ef við gefum okkur að hrunið megi rekja til ákveðinna einkenna á íslenskri þjóð og samfélagi, var það þá óumflýjanlegt?

Í þessari dagbókarfærslu er einkum stuðst við eftirtaldar heimildir:

Ásgeir Jónsson. *Why Iceland?* McGraw Hill, N.Y. 2009.

Guðmundur Finnbogson. Eðlisfar Íslendinga. *Skírnir* 1925, bls. 150-160.

Kristín Loftsdóttir. Kjarnmesta fólkið í heiminum: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu. Bls. 113-140

Unnur B. Karlsdóttir. *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld.* Háskólaútgáfan, Rvk. 1998.)

.....

Kristín Lofsdóttir staðhæfir (bls. 114): „... halda [má] því fram að efnahagsleg málefni séu samofin sjálfmynd og heimssýn ekki síður en þáttum eins og hagvexti og gengisþróun.“

Guðmundur talar tæpitungulaust um aðdáun sína á íslenska stofninum (bls. 150):

Sé nú litið til Íslands, þá voru aðalmennirnir, er hingað fluttu í öndverðu, úrvalsmenn, ... Hinn upprunalegi kynstofn hefir naumast svo teljandi sé blandast útlendu blóði, svo að þær breytingar, sem á meðfæddu eðli þjóðarinnar hafa orðið síðan á landnámsöld, ættu þá að stafa af því, hvernig ættir hafa blandast innan lands og hverjar þeirra hafa orðið sigursælastar.“ 150

Sagnfræðingurinn, Jón Aðils, segir að sögn Kristínar (bls. 118-119), um íslensk þjóðerni, að kynstofninn hafi orðið til úr Keltum og Norðmönnum og að þar hafi blandast saman „andlegt fjör, hugviti og snilld Keltanna, og djúpskyggni, staðfesta og viljaprek Norðmannanna og [fætt] af sér þjóðlíf sem varla hefur átt sinn líka í sögunni.

Hún rekur hetjuhugsunina áfram tæpa öld:

„Forseti Íslands hefur gjarnan vísað til fornra tíma, til dæmis með orðunum „landnámsöldin [er] á vissan hátt upphafið að þessu öllu saman.“ Hann sagði jafnframt í fyrirlestri hjá Sagnfræðingafélagi Íslands árið 2006 að „fólkið sem hingað kom var hluti af menningarheild sem sótti nýjan efnivið á framandi lendur, hélt í langferðir í leit að betri tækifærum, bar í brjósti svipaðan útrásaranda og mótað hefur árangur okkar að undanfögnu.“

Það er varla um að villast. Þjóðareinkennin samkvæmt þessum lýsingum benda til sigra á hvaða vettvangi sem vera skal; það liggur beinlínis í eðlinu. Hinn íslenski úrvalsstofn býr yfir andlegu fjöri, hugviti, snilld, djúpskyggni, staðfestu og viljapreki. Það ætti því varla að koma neinum á óvart – nema þá einstöku útlendingum, sem sárlega þarfnast endurmenntunar – að íslenski kynstofninn leitaði út fyrir landssteina til að láta aðrar þjóðir einnig njóta snilldar sinnar. Út rásin varð í skilningi Kristínar samofin eðlinu eða þjóðareinkennunum, ef trúu má Ásgeiri (bls. 198).

„Útrás became a cultural phenomenon, and every second business, it seemed, was trying to leap outside the country. The business schools theorized about what made Icelandic entrepreneurship „special“; considering the profile of champions like Jón Ásgeir Jóhannesson, perhaps it is unsurprising that the special ingredients were identified as fast decision-making, informal workplaces, tireless work ethic, and can-do spirit.“

Ofangreind þróun á sér stað í samfélagi sem hafði búið við algleymisforsjárhyggju á velflestum sviðum – ekki síst í atvinnulífi, þar sem spilling hafði ríkt um aldur og bankastarfsemi verið í forsögulegu skötulíki. Íslenska samráðskerfið, þ.e. hið víðtæka samráð ríkisvalds og hagsmunasamtaka, teygði þræði sína inn í hvern krók og kima mannlífsins. En aldrei var í sjálfu sér efast um hagkerfið sjálft, þ.e. auðvaldshagkerfið. En það grundvallast sem kunnugt er á neyslu og vexti, þar sem samdráttur og hrun jafnvel er innbyggt í kerfið. Þegar losað var á forsjárklónni, frjálsræði á þjóðlegum og alþjóðlegum markaði aukið, án þess að tryggilegar leikreglur væru settar og nauðsynlegu eftirliti á komið, bar allt óhjákvæmilega að sama brunni; vanhæfni (þrátt fyrir digurbarkalega sjálfsskoðun), óhófi, ofurvexti og hruni. Já er svarið.